



Reykjavík, 15. október 2021
Fundargerð 231. stjórnarfundar SHS

Tilvísun: 2101002

Föstudaginn 15. október var haldinn 231. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í fundarsalnum Sveinatungu á Garðatorgi í Garðabæ og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Undir lið 1 sat fundinn Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins, Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri og Guðný Elísabet Ingadóttir mannauðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

Málefni SHS

1. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar fyrir starfsárið 2020 - 2021

Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar SHS, kynnti skýrslu um störf nefndarinnar á starfsárinu 2020 – 2021, sem var frá ágúst 2020 til júní 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf endurskoðunarnefndar um starfsskýrslu 2020-2021, dags. 21. september 2021.
- Skýrsla um störf endurskoðunarnefndar SHS á starfsárinu 2020-2021, dags. 20. september 2021.

Afgreiðsla: Kynning.

Kl. 09:18. Lárus yfirgefur fundinn.

2. Fjárhagsáætlun, seinni umræða

Umræðu um fjárhagsáætlun 2022-2026 haldið áfram. Vísað til áður framlagðra gagna.

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun SHS 2022-2026 samþykkt og verður send aðildarsveitarfélögum til staðfestingar.

3. Gjaldskrá SHS

Gjaldskrá SHS fyrir árið 2022 lögð fram til samþykktar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS 2022, dags. 15. október 2021.
- Minnisblað um gjaldskrá SHS 2022, dags. 15. október 2022

Afgreiðsla: Framlögð gjaldskrá samþykkt og undirrituð af formanni.

4. Samræming/samstarf vegna COVID á höfuðborgarsvæðinu

Frestað mál frá 39. fundi framkvæmdaráðs AHS 1. október sl.

Afgreiðsla: Samþykkt aukning um eitt stöðugildi.

5. Jafnlaunavottun

SHS hlaut jafnlaunavottun í fyrsta sinn þann 1. október 2020. Að lokinni úttekt hefur vottunin verið endurnýjuð.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Önnur mál SHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:15.

Næsti fundur er áætlaður 19. nóvember.

f.h. Reykjavíkurborgar,
Dagur B. Eggertsson

f.h. Kópavogsbæjar,
Ármann Kr. Ólafsson

f.h. Hafnarfjarðar,
Ágúst Bjarni Garðarsson

f.h. Garðabæjar,
Gunnar Einarsson

f.h. Mosfellsbæjar,
Haraldur Sverrisson

f.h. Seltjarnarnesbæjar,
Ásgerður Halldórsdóttir

Rafrænar undirritanir eru á öftustu síðu.

Fylgiskjöl:

SHS:

- Bréf endurskoðunarnefndar um starfsskýrslu 2020-2021, dags. 21. september 2021.
- Skýrsla um störf endurskoðunarnefndar SHS á starfsárinu 2020-2021, dags. 20. september 2021.
- Gjaldskrá SHS 2022, dags. 15. október 2021.
- Minnisblað um gjaldskrá SHS 2022, dags. 15. október 2022